

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1260/2011, um lýðheilsusjóð.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo ásamt fyrirsögn:

Stjórn lýðheilsusjóðs og umsýsla sjóðsins.

Heilbrigðisráðherra skipar stjórn lýðheilsusjóðs. Hún skal skipuð þremur fulltrúum. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar án tilnefningar, einn er tilnefndur af embætti landlæknis og einn tilnefndur af heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður tekur varamaður hans sæti í stjórninni. Við tilnefningu og skipun fulltrúa í stjórn lýðheilsusjóðs skal gæta fyrirmæla 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ráðherra ráðstafa fé úr lýðheilsusjóði, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og starfsreglur sem sjóðurinn setur og ráðherra samþykkir.

Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald lýðheilsusjóðs. Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a. 2. mgr. orðist svo: Úr lýðheilsusjóði skal ráðstafa allt að 35% af tekjum sjóðsins skv. a-d lið 3. gr. annars vegar vegna styrkja til verkefna samkvæmt umsóknum, sbr. 5. gr., og hins vegar til að standa undir kostnaði við rekstur sjóðsins, sbr. 4. mgr. 2. gr.
- b. 3. mgr. orðist svo: Ráðstafa skal að minnsta kosti 65% af tekjum sjóðsins til lýðheilsu- og forvarnarstarfs embættis landlæknis, eða annarra verkefna sem unnin eru á vegum embættisins, samkvæmt verkefnaáætlun.
- c. 4. mgr. orðist svo: Við mat á umsóknum um styrki úr lýðheilsusjóði skal einnig styðjast við sérstök viðmið sem nánar er kveðið á um í starfsreglum lýðheilsusjóðs. Í reglunum skal m.a. kveðið á um að við úthlutun skuli tekið mið af gildi og mikilvægi verkefnis, auk kynja- og búsetudreifingar.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo: Skilyrða styrkveitingar og leggja til að styrkir verði greiddir út í samræmi við gang verkefnis.
- b. 4. mgr. orðist svo: Stjórn lýðheilsusjóðs hefur umsjón með svörum til umsækjenda og svarar öllum umsóknum skriflega.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. gr. b. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 30. desember 2016.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Margrét Björnsdóttir.